

Fornleifakönnun vegna lagningu ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði 2018



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.16-18
Júní 2018


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: 15.05.18
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr.16-18	Verknúmer: 519	
Heiti skýrslu: Fornleifakönnun vegna lagningu ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði 2018		Blaðsíður: 9
		Upplag: 5
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 1
		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaskýrsla
Verkefnisstjóri:		Unnið fyrir: Húnaþing Vestra
ÚTDRÁTTUR Fornleifakönnun vegna lagningu á ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði árið 2018. Unnið fyrir Húnaþing Vestra. Engar minjar fundust á leið ljósleiðara nema við Borðeyri þar fannst einn matjurtargarður sem er ekki í hættu.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning. Ljósleiðari		
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
1. INNGANGUR	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI	5
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	5
3. Skrá yfir fornleifar	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3. FORNLEIFASKRÁNING	7
Verslunarstaðurinn Borðeyri	7
Saga	7
5. NIÐURSTAÐA	9
Heimildaskrá	9
Kort	10
.....	10

1. INNGANGUR

Að beiðni Lúðvíks Friðriks Ægissonar sviðsstjóra hjá veitu-framkvæmda og umhverfissviði Húnaþings Vestra gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna lagningu ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði í Húnavatnssýslu. Fyrri svæðið í Hrútafirði var lagning ljósleiðara frá bænum Melum að bænum Fögrubrekku að Staðarskála og heim að bænum Fjarðarhorni. Einnig voru kannaðar heimtaugar ljósleiðara að bæjunum Markhöfða, Valdasteinsstöðum, Laugarholt og Borðeyrarbæ. Þar var um að ræða stuttar vegalengdir frá tengiboxum að húsum. Flest hús í Borðeyrarbæ tengjast jafnframt og var svæðið kannað þar sem lagnir koma inn í hús. Jafnframt var kannað svæði í Miðfirði norðan Hvammstanga, eða frá Hvammstanga að bænum Gröf þar var ljósleiðarinn lagður í reiðgötu og heim að bæjunum Gröf, Mörk, Gömlu Mörk og Helguhvammi einnig heim að húsunum Lindarbergi og Grænahvammi.



Mynd 1 Myndirnar sýna legu ljósleiðara og svæðunum sem lýst er í inngangi

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Lagnaleiðin var könnuð út frá kortum þar sem strengur hafði verið teiknaður og var kannað svæði sem var 15 m sitt hvoru megin við þar sem strengurinn er áætlaður. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi,

framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3. Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1951 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1951-001

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Strengurinn í Hrútafirði er fyrirhugaður frá bænum Melum að Fjarðarhorni. Strengurinn á að liggja í gamla þjóðveginum og er því plægður í raskað svæði að stæðustum hluta, þegar gamla þjóðvegi sleppir er verður

strengurinn plægður í túnum þeim að Staðarskála og svo á milli túna og meðfram veginum heim að Fjarðarhorni. Einnig var kannað svæðið í kring um húsin á Borðeyri en leggja á ljósleiðara í flest hús þar. Því næst voru kannaðir stuttir leggir á bæjunum Markhöfða, Valdasteinsstöðum, Laugarholt og Borðeyrabæ.

Í Miðfirði var leiðinn frá Hvammstanga að Gröf kannaður en ljósleiðarinn liggur þar í nýlegum reiðvegi alla leið og því í röskuðu landi nema þar sem heimtaugar lágu frá strengnum heim að bæjum og húsum Gröf, Mörk, Gömlu Mörk, Helguhvammi og húsunum Lindarbergi og Grænahvammi.

3. FORNLEIFASKRÁNING.

Verslunarstaðurinn Borðeyri

Saga

“Þröstr ok Grenjuðr, synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri ok bjuggu á Melum. Frá Grenjaði var kominn Hesta-Gellir prestur, en Ormr frá Presti.” (Ísl.sög.I., bls. 119). “Hermundr Illugason unaði lítt eftir Gunnlaug, bróður sinn, ok þótti ekki hans hefnt at heldr, þótt þetta væri gert. Maðr hét Hrafn ok var bróðursonr Önundar at Mosfelli. Hann var farmaðr mikill ok átti skip, er uppi stóð í Hrútafirði. Ok um várit reið Hermundr Illugason heiman einn samt ok norðr Holtavörðuheiði ok svá til Hrútafjarðar ok út á Borðeyri til skips kaupmanna.” (Ísl.sög.II., bls.369). “Á því sumri kom Björn út í Hrútafirði á Borðeyri með mikit fé ok hafði sóttan mikinn frama ok atgervi. Þeir bera búnað sinn af skipi ok reisa tjöld sín.” (Ísl.sög.III., bls. 215). “Kolbeinn hét stýrimaður, er skip átti upp á Borðeyri í Hrútafirði.” (Ísl.sög.III., bls.342) “Um sumarit eftir bjuggust þeir bræðr, Þórðr ok Þorvaldr, til Íslands ok kómu skipi sínu á Borðeyri í Hrútafirði, fóru síðan heim til föður síns ok þóttu inir mestu menn.” (Ísl.sög.III., bls.353). “Skip stóð uppi í Borðeyri í Hrútafirði. Örn hét stýrimaðr. Hann var hirðmaðr Haralds konungs Gunnhildarsonar.” (Ísl.sög.IV., bls.48). “Ólafi byrjaði vel um sumarit. Hann kom skipi sínu í Hrútafjörð á Borðeyri.” (Ísl.sög.IV., bls. 60). “Þat sama sumar, er Þorgils Hölluson var veginn, kom skip í Bjarnarhöfn. Þat átti Þorkell Eyjólfsson. Hann var þá svá aðigr maðr, at hann átti tvá knörru í förum. Annarr kom í Hrútafjörð á Borðeyri, ok var hvárrtveggi viði hlaðinn.” (Ísl.sög.IV., bls.206). “Þat bar til tíðenda eitt sumar, at skip kom af hafi í Hrútafirði á Borðeyri. Sleitu-Helgi hét stýrimaðr, en Jörundr bróðir hans.” (Ísl.sög.V., bls.414). “Síðan kómu þeir í fjörðinn (Hrútafjörð), ok gerði þá þoku mikla. Þeir kómu á eyri eina, fundu þeir þar borð stórt nýrekit. Þá mælti Ingimundr: “Þat mun ætlat, at vér skylim hér örnefni gefa, ok mun þat haldast, ok köllum vér eyrina Borðeyri.”” (Ísl.sög.VII., bls.36) “Þess er getit, eitthvert sumar, at Oddr kemr skipi sínu á

Hrútafjörð við Borðeyri ok ætlar at vera hér um vetrinn.” (Ísl.sög.VII., bls.349). “Þessu næst kemr skip af hafi vestr í Hrútafjörð á Borðeyri, ok hét Bergr stýrimaðurinn ok kallaðr Bergur rakki.” (Ísl.sög.IX.,bls. 339) “En er sumra tók, ræddust þau Búi við ok Esja. “Vil ek nú,” sagði hon, “at þú liggir eigi hér lengr, heldr skaltu fara norðr til Hrútafjarðar. Þar hefir skip uppi staðit í vetr á Borðeyri. Þar skaltu útan fara ok freista, hvat þar liggir fyrir þér. Ek gerumst nú gömul, ok mun ek eigi fá vetr ólifat.”” (Ísl.Sög. XII., bls. 337). Olafur Olavíus segir að á Borðeyri séu rústir búða og nausta og telur hann að það leyfar verslunarhúsa (Olavíus) “Kauptúnið stendur á litlum tanga, sem gengur fram í sjóinn, fyrir innan Borðeyrarmelinn, og á eyri sem liggur út með melnum að austanverðu, nefnist hún Austureyri.” (Örnefnaskrá Borðeyrarbæjar).

Númer: 1951-001

Eldra númer 161681-110-14

Sérheiti: Borðeyri

Hlutverk: Verslunarstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir: “Hermundr Illugason unaði lítt eftir Gunnlaug, bróður sinn, ok þótti ekki hans hefnt at heldr, þótt þetta væri gert. Maðr hét Hrafn ok var bróðursonr Önundar at Mosfelli. Hann var farmaðr mikill ok átti skip, er uppi stóð í Hrútafirði. Ok um várit reið Hermundr Illugason heiman einn samt ok norðr Holtavörðuheiði ok svá til Hrútafjarðar ok út á Borðeyri til skips kaupmanna.” Ólavur Olavíus segir að á tanganum séu leifar verslunarhúsa, búða og nausts.

Minjalýsing: Þorpið á Borðeyri stendur nú á því svæði þar sem verslunarstaðurinn var áður og hafa framkvæmdir síðustu 150 ár eyðilagt allar minjar sem áður voru á tanganum.

Heimildir: Íslendinga Sögur, II. bindi. Ólavur Ólavíus, Ferðabók.



Mynd 2. Mynd sem sýnir túngarðinn úr lofti.

Númer: 1951-002

Eldra númer: 161681-110-23

Staðsetning: N 401867 A 525152

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Matjurtargarðar

Staðhættir: Þorpið á tanganum er byggt á láglandsspildu rétt ofan fjöruborðs og vestan megin við þorpið eru brattar brekkur. Fyrir norðvestan þorpið í brekkunni sjást leifar eftir garð. Á ljósmyndum frá því um aldamótin 1900 sést að brekkurnar eru greinilega ræktaðar.

Minjalýsing: Garðlagið liggur neðst í brekku ofan við húsið Meleyri sem er nyrsta húsið á Borðeyri. Sambyggt garðinum eru minni hólf sem eru afmarkaðir matjurtargarðar og líklega hafa verið fleiri á svæðinu. Sýnileg hólf eru þrjú og er garðurinn 118 m á lengd. Garðurinn er hæstur um 1 m á hæð og er alveg gróinn.

Hættumat: Garðurinn er ekki í hættu vegna ljósleiðaralagningar enda hans er 14 m frá streng.

5. NIÐURSTAÐA

Ekki fundust neinar minjar á lagnaleiðunum nema við Borðeyrarbæ þar sem garðlag liggur í brekku ofan við húsið Meleyri þar er endi garðsins 14 m frá ljósleiðara og telst því ekki í hættu vegna hans. Stærstur hluti ljósleiðara í Miðfirði og Hrútafirði eru í gömlum vegum og á túnum.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I-XII. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Íslendinga sögur I-XII., Guðni Jónson ritstjóri, 12 bindi, bindi I, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Kort



Kort 1. Kortið sýnir garðlagið á Borðeyri ofna við húsið Meleyri og rauða lína er fyrirhugaður ljósleiðari. Kort: MHH